

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Ytri-Varðgjá, Vaðlaskógur – baðstaður og hótél, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 15. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi Ytri-Varðgjár, Vaðlaskógur – baðstaður og hótél skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun byggingarreits Skógarbaða austan nýrrar laugar til að koma fyrir tveimur litlum byggingum með salernisaðstöðu annars vegar og sánu hins vegar. Byggingarreiturinn stækkar frá því að vera 6.223 m² í að vera 7.783 m² en skilmálar eru óbreyttir. Byggingarreitur hótels stækkar jafnframt um allt að 1,5 m til austurs og 1,0 m til norðurs til að koma stoðveggjum og skyggni hótels fyrir innan byggingarreits. Byggingarreiturinn lengist þá um allt að 18 m til suðurs svo hægt sé að fella aðkomuleið að bílageymslu inn í hlíðina.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 20. september 2024.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 20. september 2024